

Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannsaðstoðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Með vísan til 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 veitir barnaverndarnefnd Kópavogs foreldrum eða öðrum forsjáraðilum og barni 15 ára og eldri sem er aðili máls fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar ef málefni þeirra sæta meðferð fyrir barnaverndarnefnd Kópavogs.

Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku á fundi barnaverndarnefndar og undirbúnings vegna fyrirtöku málsins.

Aðeins er veittur fjárstyrkur þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum nefndarinnar nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns.

2. gr.

Barnaverndarnefnd Kópavogs veitir jafnframt aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmannskostnaðar fyrir kærunefnd barnaverndarmála sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjáraðilar barns og barn 15 ára og eldri sem er aðili að máli velja sér sjálfir lögmann. Fjárstyrkur til greiðslu lögmannskostnaðar er háð því að lögmaður hafi réttindi til málflyttings fyrir héraðsdómi eða hæstarétti sbr. lög um lögmennt nr. 77/1998 um lögmennt.

4. gr.

Lögfræðingur velferðarsviðs Kópavogs afgreiðir umsóknir um fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar skv. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Með beiðni um fjárstyrk skal fylgja tímaskýrsla lögmanns.

5. gr.

Fjárhæð styrkjar skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins og skal tekið tillit til efnahags styrkbeiðanda þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin.

Viðmiðunartímagjald er ákveðið að Sviðstjóra velferðarsviðs Kópavogs í samráði við lögfræðing sviðsins.

6. gr.

Ákvörðun um fjárhæð styrkjar er kærnanleg til kærunefndar barnaverndarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

7. gr.

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls sem sæta meðferð Barnaverndarnefndar Kópavogs og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða aðila sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samþykkt í Félagsmálaráði Kópavogs þann 2. júní 2009.